



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK
Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

Alþingi
Erindi nr. P 125/1271
komudagur 27.3.2000

AJ/ami

Reykjavík, 27. mars 2000.

Með bréfi menntamálanefndar Alþingis, dagsettu 16. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika, 292. mál. Í bréfinu var óskað eftir því að umsögn berist eigi síðar en í dag.

Embættið telur rétt að gera nokkrar athugasemdir við lagafrumvarpið. Í heild sinni þykir embættinu texti frumvarpsins óskýr. Í 1.gr. segir að heimila skuli ólympíska hnefaleika án þess að skilgreint sé við hvað er átt. Eðlilegt væri að það kæmi skýrt fram í lögnum sjálfum, eða a.m.k. með skýrari hætti í greinargerð, hvað felst í ólympískum hnefaleikum. Einnig er rétt að benda á, að í greinargerð með frumvarpinu er talað jöfnum höndum um ólympíska hnefaleika og áhugamannahnefaleika. Er hér um eitt og hið sama að ræða? Rétt væri að orðanotkun yrði samræmd.

Í 2.gr. frumvarpsins segir að heimila skuli sölu og notkun hnefleiksglófa og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar í ólympískum hnefleikum. Skilgreiningu skortir einnig hér. Er sérstökum hnefleiksglófum og tækjum beitt við ólympíska hnefaleika sem eru frábrugðin þeim búnaði sem tíðkast í atvinnumannahnefleikum og í hverju felst þá munurinn? Að mati embættisins þyrfti að koma skýrar fram hvað átt sé við með hnefleiksglófum og tækjum í 2.gr. Nú þegar er embættinu vandi á höndum að skilja á milli hnefleiksglófa og hanska sem ætlaðir eru til þjálfunar í öðrum íþróttagreinum eins og t.d. "kick-boxing". Athygli menntamálaráðuneytisins hefur verið vakin á þessu. Yrði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd yrði það til þess fallið að auka enn á vanda lögreglu og ákærvalds í þessum efnum.

Embættinu þykir einnig óljóst hver staða þessa lagafrumvarps sé gagnvart lögum nr. 92, 1956 um bann við hnefleikum. Svo virðist sem að þeim lögum sé ætlað að gilda áfram en að fyrrgreint frumvarp feli í sér undantekningu hvað varðar hina svokölluðu ólympísku hnefaleika. Þetta kemur ekki fram með skýrum hætti og er til þess fallið að valda réttaróvissu um gildissvið laganna. Ef vilji er til að heimila ólympíska hnefaleika væri eðlilegast að breyta lögum nr. 92, 1956 og tryggja þannig lagasamræmi.

Loks má geta þess að innan lögreglunnar í Reykjavík gætir þeirra sjónarmiða, að í kjölfar lögleiðingar hnefaleika kunni að fylgja fjölgun ofbeldisbrota og jafnaframt alvarlegri líkamsáverkar.

Samkvæmt framangreindu er það mat embættisins að frumvarpið sé haldið slíkum annmörkum að valda myndi erfiðleikum fyrir lögreglu og ákærvald yrði það óbreytt að lögum. Embætti lögreglustjórans í Reykjavík mælir gegn því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík